

# Skýrsla stjórnar SKÍ 2020 – 2021

Á Skíðaþingi 25. maí 2019 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Sumarið 2020 varð sú breyting á skipun stjórnar að Fjalar Úlfarsson, kjörinn fyrsti varamaður, kom inn í stjórn og tók við gjaldkerastarfi af Dagbjarti Halldórssyni sem tók við sem afreksstjóri SKÍ.

## **Stjórn SKÍ 2020-2021**

Bjarni Th. Bjarnason (formaður stjórnar)  
Snorri Páll Guðbjörnsson (formaður alpagreinanevndar)  
Einar Ólafsson (formaður skíðagöngunefndar)  
Friðbjörn Benediktsson (formaður snjóbrettanevndar)  
Fjalar Úlfarsson (gjaldkeri)  
Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir (ritari)  
Kristinn Magnússon (varaformaður)

## **Varamenn í stjórn 2020-2021:**

Gísli Reynisson  
Guðmundur Guðjónsson

Dagana 7.-8. nóvember 2020 var haldið rafrænt skíðaþing og það fyrsta sem haldið er eftir breytingar sem gerðar voru um tilhögun skíðaþinga, en sú breyting var gerð á skíðaþinginu í maí 2019. Skíðaþing fara nú fram árlega á haustin í stað þess að vera á tveggja ára fresti á vorin. Helsta breyting sem samþykkt var á skíðaþinginu í nóvember 2020:

- Samþykkt var að breyta Skíðamóti Íslands þannig að í dag eru tvær aðskildar reglugerð fyrir mótin og hægt að halda mótin á sitt hvorum staðnum sama ár. Því er ekki skylda að halda báðar greinar saman eins og áður tíðkaðist.

Engar kosningar voru haldnar á skíðaþinginu 2020 þar sem stjórn og nefndir voru kosnar og skipaðar til tveggja ára á skíðaþinginu 2019. Nefndir SKÍ voru skipaðar á eftirfarandi hátt tímabilið 2020-2021:

## **Aganefnd 2020-2021**

Elvar Örn Unnsteinsson, formaður  
Brynhildur Georgsdóttir  
Jón Egill Sveinsson

## **Alpagreinanevnd 2020-2021**

Snorri Páll Guðbjörnsson, formaður  
Erla Ásgeirsdóttir  
Gísli Rafn Guðmundsson

### Laga- og reglugerðarnefnd 2020-2021

Smári Þorvaldsson  
Stefán Árni Auðólfsson

### Skíðagöngunefnd 2020-2021

Einar Ólafsson, formaður  
Elsa Guðrún Jónsdóttir  
Rúnar Gunnarsson

### Snjóbrettanefnd 2020-2021

Friðbjörn Benediktsson, formaður  
Aðalsteinn Valdimarsson  
Sara Ómarsdóttir

## Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ hefur fundað í 14 skipti frá skíðþinginu í nóvember 2020. Allir fundirnir voru í gegnum fjarfundabúnað. Ljóst er að fjarfundir verða áfram megin fundarformið vegna þess að góð reynsla er komin á það fundarform og það sparar einnig ferðalög og lækkar kostnað við fundahald. Hefðbundnir fundir í eigin persónu þurfa þó að vera nokkrir á hverju ári og vonandi verður undanhald á Covid 19 faraldrinum þannig að hann setji ekki strik í reikninginn með slíka fundi.

Þann 4. júní sl. var haldið FIS þing. Var það haldið rafrænt vegna Covid 19. Helsta mál á dagskrá var kosning forseta FIS. Síðustu vikur og mánuði fyrir FIS þingið héldu frambjóðendur til forseta nokkra rafræna kynningarfundir með formanni og framkvæmdastjóra SKÍ. Einnig voru haldnir tveir rafrænir fundir með formönnum/framkv.stj. skíðasambanda Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í aðdragandi FIS þingsins. Fjórir voru í framboði til forseta FIS: Mats Årjes (SWE), Johan Eliasch (GBR), Urs Lehmann (SUI) og Sarah Lewis (BEL). Reglur FIS gera ráð fyrir tveimur umferðum við kosningu ef enginn fær hreinan meirihluta í fyrstu umferð. Ekki þurfti að koma til seinni umferðar þar sem Johan Eliasch hlaut 54,82% atkvæða í fyrstu umferð. Einnig voru kosnir 16 manns í stjórn FIS og voru þessir kosnir:

ARJES, Mats, SWE  
GOSPER Dean, AUS  
KUMPOST Roman, CZE  
LEHMANN, Urs, SUI  
MINEV Tzeko, BUL  
MURASATO Aki, JPN  
PAINE Dexter, USA  
RODA Flavio, ITA  
ROESTE Erik, NOR

SCHROECKSNADEL Peter, AUT  
SMREKAR Enzo, SLO  
STEINLE Franz, GER  
UUSITALO Martti, FIN  
VION Michel, FRA  
VYALBE Elena, RUS  
ZHEN Liangcheng, CHN

Vegna Covid 19 hafa verið haldnir margir rafrænir fundir með ÍSÍ og öðrum sérsamböndum þar sem farið var yfir hin ýmsu mál vegna faraldursins og hafa fulltrúar SKÍ tekið þátt í þeim fundum. Þann 14. október sl. var haldinn rafrænn fundur á vegum SKÍ um afreksmál. Var hann fjölsóttur og voru þar um 30 manns sem skráðu sig inn. Góðar umræður sköpuðust um afreksmál og margar hugmyndir komu fram sem stjórn SKÍ tekur með sér áfram inn í starfið. Fulltrúar SKÍ hafa setið fjölda rafrænna funda með FIS og IBU á milli skíðþinga. Aðeins einn fundur hefur verið haldinn erlendis í eigin persónu en það var formannafundur IBU í byrjun september og var hann haldinn í München. Tveir fulltrúar SKÍ sátu þann fund.

Eins og hjá öllum íþróttagreinum þá hafði covid-19 áhrif á okkar starfsemi fyrri hluta ársins. Einhver verkefni tóku breytingum, annað hvort frestað eða aflýst. Það var þó tekið þátt í flestum þeim verkefnum sem voru á dagskrá. Stærstu viðburðirnir voru klárlega þrjú heimsmeistaramót í öllum þremur greinunum og fóru þau fram á réttum tímum.

## Afreksmál

### Heimsmeistaramót

#### Alpagreinar – Cortina Ítalía 8.-21.febrúar 2021

Alls voru níu keppendur sem voru valdir til þátttöku á HM í alpagreinum, fjórar konur og fimm karlar. Allar fjórar konurnar kepptu í aðalkeppninni í svigi og stórsvigi. Katla Björg og Hólmfríður Dóra náðu mjög góðum árangri þegar þær enduðu í 34. og 35.sæti í stórsvigskeppninni en í svigkeppninni náði því miður engin kona að ljúka keppni. Hjá körlunum endaði Sturla Snær Snorrason í 17.sæti í undankeppni og komst því áfram í aðalkeppnina þar sem hann náði ekki að ljúka keppni. Í undankeppninni í svigi náði Sturla Snæra frábærum árangri og endaði í 4.sæti, Gauti Guðmundsson endaði í 31.sæti og rétt missti af aðalkeppninni en þangað komust efstu 25 keppendurnir. Í aðalkeppninni náði Sturla Snær ekki að fylgja eftir góðri undankeppni og lauk ekki keppni.

#### Skíðaganga – Oberstdorf, Þýskaland 22.feb – 7.mars 2021

Alls voru fimm keppendur sem voru valdir til þátttöku á HM í skíðagöngu, ein kona og fjórir karlar. Snorri Einarsson var eini íslenski keppandinn sem hafði náð lágmarkum fyrir aðalkeppnirnar í lengri vegalengdum fyrir mót, aðrir þurftu að fara í undankeppni í upphafi móts. Hjá konunum endaði Gígja Björnsdóttir í 5.sæti og komst áfram en 10 efstu komustu

áfram. Hjá körlunum endaði Albert Jónsson í 4.sæti og komst einnig áfram, en eins og hjá konunum komust 10 efstu áfram. Aðrir komust ekki áfram og fengu því ekki keppnisrétt í aðalkeppnum í lengri vegalengdum.

Í undanrásum í sprettgöngu endaði Gígja Björnsdóttir í 86.sæti. Hjá körlunum endaði Isak Stianson Pedersen í 76.sæti og Dagur Benediktsson í 87.sæti en í báðum kynjum komust einungis 30 efstu í úrslitin.

Snorri Einarsson náði sér ekki á strik á HM þetta árið, en um miðjan janúar greindist hann með covid og missti niður mikið þol og var langt frá sínu besta formi. Hann endaði í 57.sæti í 30 km skiptigöngu og í 59.sæti 15 km göngu og hætti við þátttöku í 50 km göngu sem var síðasta greinin og hans sterkasta.

Gígja Björnsdóttir endaði í 76.sæti í 10 km göngu og Albert Jónsson í 96.sæti í 15 km göngu. Fyrir þau að komast uppúr undankeppninni og að fá þátttökurétt í aðalkeppninni er eitt og sér stórt afrek.

Þeir Snorri Einarsson og Isak Stianson Pedersen tóku að lokum þátt í undankeppni í liðaspretti þar sem þeir háðu æsispennandi keppni við stærstu þjóðirnar, farnir voru þeir sprettir á hvorn keppanda og að loknum fimm þeirra var Ísland í toppbaráttu en því miður var síðast hringurinn erfiður og enduði þeir í 14.sæti og komust ekki áfram í úrslitin.

### Snjóbretti – Aspen, Bandaríkin 7.-16.mars 2021

Í fyrsta skipti tók SKÍ þátt á HM á snjóbrettum og var einn karl sem náði lágmarki, en það var Marinó Kristjánsson. Hann tók þátt í slopestyle þar sem hann endaði í 54.sæti og í big air þar sem hann endaði í 47.sæti. Flottur árangur á fyrsta HM hjá Marinó og frábært fyrir SKÍ að vera kominn inná þetta mót en kröfur um þátttöku eru strangar og erfiðara að komast inná mótið en í öðrum greinum. Áfram er stefnt að því að ná inn keppanda á mótið og vonandi að SKÍ muni eiga fleiri strax á næsta móti, bæði fleiri karla og að lágmarki eina konu.

### Heimsbikar

Snorri Eypór Einarsson var meðal keppenda á heimsbikarmótaröðinni í byrjun árs, en það er sterkasta mótaröð í heimi í skíðagöngu. Í upphafi árs tók Snorri þátt í Tour de Ski mótaröðinni þar sem hann endaði í 41.sæti í heildarkeppninni. Á heimleiðinni greindist Snorri með covid og fór í kjölfarið í tveggja vikna einangrun og var frekar slappur. Í kjölfarið missti hann formið niður og átti erfitt með að ná því upp aftur. Í kjölfarið fór hann á HM og náði ekki sínum markmiðum enda ennþá að kljást við covid veikindin.

Helstu úrslit hjá Snorra:

- 1.jan 2021 – Val Mustair, Sviss – 69.sæti
- 2.jan 2021 – Val Mustair, Sviss – 49.sæti
- 3.jan 2021 – Val Mustair, Sviss – 51.sæti
- 5.jan 2021 – Toblach, Ítalíu – 41.sæti
- 6.jan 2021 – Toblach, Ítalíu – 40.sæti
- 8.jan 2021 – Val di Fiemme, Ítalíu – 38.sæti
- 10.jan 2021 – Val di Fiemme, Ítalíu – 30.sæti

Landsliðið á snjóbrettum tók sín fyrstu skref í heimsbikar á árinu, en það er sterkasta mótaröð í heimi. Mikilvægt skref fyrir þá og í lok árs verður tekið þátt í fleiri mótum.

- 20.mars 2021 - Marinó Kristjánsson keppti í slopestyle í Aspen, Bandaríkjunum og endaði í 41.sæti.
- 28.mars 2021 - Baldur Vilhelmsson keppti í slopestyle í Silvaplana, Sviss og endaði í 43.sæti.
- 9.jan 2021 - Benedikt Friðbjörnsson keppti í big air í Kreischberg, Austurríki og endaði í 60.sæti.

### Álfubikar

Nokkrir keppendur á snjóbrettum tóku þátt í evrópubikarnum í vetur, en álfubikararnir flokkast sem næst sterkustu mótaraðir í heimi. Þrisvar voru okkar keppendur meðal 10 efstu keppendana á mótaröðinni.

Helstu úrslit í evrópubikar:

- 5.mars 2021 – Götschen, Þýskalandi – 6.sæti, Baldur Vilhelmsson
- 4.mars 2021 – Flachauwinkel, Austurríki – 8.sæti, Benedikt Friðbjörnsson
- 6.mars 2021 – Götschen, Þýskalandi – 10.sæti, Benedikt Friðbjörnsson
- 11.mars 2021 – Leysin, Sviss – 13.sæti, Benedikt Friðbjörnsson
- 21.febrúar 2021 – Götschen, Þýskalandi – 14.sæti, Baldur Vilhelmsson
- 11.mars 2021 – Leysin, Sviss – 17.sæti, Baldur Vilhelmsson

Sturla Snær Snorrason, landsliðsmaður í alpagreinum, tók þátt í þremur mótum í evrópubikarnum en náði því miður ekki að ljúka keppni á þeim.

### HM unglinga og EYOF

HM unglinga í skíðagöngu fór fram í Vuokatti í Finnlandi í byrjun febrúar. Ákveðið var að senda einungis einn keppanda en það var landsliðsmaðurinn Dagur Benediktsson. Covid ástandið hafi áhrif á að fleiri voru ekki valdir. Dagur endaði í 52.sæti í sprettgöngu og 63.sæti í 15 km göngu.

Stefnt var á þátttöku á HM unglinga á snjóbrettum einnig en mótið var fært til Rússlands á síðustu stundu vegna covid ástandsins. Erfiðlega gekk að fá vegabréfsáritun til Rússlands og því varð SKÍ að hætta við þátttöku á mótinu.

Alpagreinarnar hafa verið að fara annað hvert ár á HM unglinga og er því stefnt á þátttöku 2022.

EYOF átti að fara fram í Finnlandi en sökum covid var því frestað. Fyrst var því frestað til desember 2021 en síðar til loka mars 2022 og fer fram þá.

### Önnur mót

Okkar landsliðsfólk keppir á fjölmörgum alþjóðlegum mótum ár hvert. Helst ber að nefna eftirfarandi:



- Katla Björg Dagbjartsdóttir, alpagreinum, sigraði alþjóðlegt mót í svigi á Ítalíu í febrúar. Einnig var hún tvisvar í 2.sæti og einu sinni í 3.sæti á alþjóðlegum mótum í Slóveníu og Finnlandi.
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, alpagreinum, náði ótrúlega góðum árangri í vetur en hún var 20 sinnum á meðal 10 eftstu keppenda á alþjóðlegum mótum erlendis. Hún sigraði á þremur þeirra og var 10 sinnum á verðlaunpalli. Bætti sig mikið á heimslista og í flottu formi.
- Sturla Snær Snorrason, alpagreinum, náði 4.sæti á alþjóðlegu móti í svigi í Króatíu í janúar og tvisvar í 2.sæti á alþjóðlegu móti í svigi í Slóveníu og Ítalíu í mars. Einnig var hann í 8.sæti á ítalska meistaramótinu í svigi í mars.

### Hæfileikamótun

Unnið hefur verið að því að setja upp hæfileikamótunarstarf fyrir allra greinar. Hæfileikamótun er í starf fyrir yngri iðkendur og er þá verið að horfa til framtíðar. Mikil umræða hefur verið um þessi mál sérstaklega hjá fagnefndum og grunnvinnan og hugsunin tekið smá tíma. Í framtíðinni verður horft til þess að þessi verkefni verði tvíþætt, hluti verði í boði fyrir alla og hluti fyrir smærri hóp af afreksefnum. Horft verður til þess að vera með verkefni bæði hérlendis og erlendis og sérstaklega horft til þess að halda kostnaði í lágmarki. Búið er að ráða tvo þjálfara til að starfa í hæfileikamótun alpagreina og haldin hafa verið tvö verkefni, eitt hérlendis og eitt erlendis. Verið er að leggja lokahönd á plan í skíðagöngu og snjóþrettum.

### Mótamál

Mótatöflur fyrir 2020/2021 voru birtar í byrjun september 2020. Ekki tókst að halda öll mót sem ráðgert var vegna Covid 19 og einnig vegna veðurskilyrða. Halda átti UMÍ og SMÍ í lok mars 2021 og SBÍ í byrjun apríl en vegna sóttvarnatakmarkana af hálfu yfirvalda þurfti að fresta mótunum. Tekin var sú ákvörðun að aflýsa UMÍ en SMÍ auk SBÍ var haldið 28.-30. apríl í Hlíðarfjalli eftir að slakað hafði verið á takmörkunum vegna sóttvarna.

#### Alpagreinar:

Í flokki 16 ára og eldri voru haldin 2xGS mót á Akureyri 16.-17. janúar, 2xGS og 2xSL í Bláfjöllum 13.-14. mars, 2xSL á Akureyri 28. apríl og SL+GS á SMÍ í Hlíðarfjalli 29.-30. apríl.

Í flokkum 12-13 ára og 14-15 ára voru haldin 2xSL mót í Bláfjöllum 30.-31. janúar og 2xGS mót í Oddskarði 6.-7. mars.

#### Skíðaganga:

Í Hlíðarfjalli voru haldin mót í sprettgöngu, 5km og 10km í frjálsri og hefðbundinni göngu dagana 15.-17.janúar. Samskonar mót voru einnig haldin í Bláfjöllum 29.-31.janúar og á Ísafirði 5.-7.mars auk SMÍ 28.-30. apríl. Ótrúlegt en satt gekk vel að halda bikarmótin framan af vetri en SMÍ þurfti að fresta.

### Snjóbretti:

Virkilega erfiðlega gekk að halda snjóbrettamót þennan veturinn. Byrja þurfti að fresta móti sem átti að vera fyrir austan og síðar að fresta móti sem átti að vera fyrir sunnan. Í kjölfarið var gefin út ný mótatafla með þremur mótum í lok mars og í apríl. Fljótlega eftir að hún var gefin út var öllu slegið í lás og frestað. Ákveðið var að aflýsa mótunum fyrir austan og sunnan og færa SBÍ til Akureyrar sem upphaflega átti að vera í Bláfjöllum. Á endanum var haldið SBÍ auk FIS móts í lok apríl á Akureyri, sem gekk vel.

Í haust voru gefnar út mótatöflur fyrir komandi vetur og var óvenju erfitt að setja þær saman. Erfiðara er orðið að finna sameiginlegar helgar fyrir stærri mótin sem haldin eru saman, EYOF er haldið í mars 2022 en ekki janúar eins og venjan er og Íslandsgangan er orðin þéttari en áður svo eitthvað sé nefnt.

Eins og frægt er orðið hóf SKÍ vegferð með mótakerfi fyrir nokkrum árum síðan sem hefur gengið virkilega erfiðlega. Í lok sumars 2021 var tekin ákvörðun um að fara aðrar leiðir en áður hafði verið stefnt að og er því vinnan hafin við öðruvísi lausn á því máli. Vonast er til að sú vinna klárast sem allra fyrst og verða frekari upplýsingar um kerfið gefnar út fljótlega.

### Fræðslu- og útbreiðslumál

Á liðnu ári hefur var lítið um þjálfaranámskeið. Einungis voru haldin tvö námskeið á snjóbrettum, annað rafrænt og hitt fyrir sunnan. Voru bæði námskeið haldin eftir nýju efni og tókust vel. Undanfarið hafa námskeiðsmál verið rædd í stjórn og fagnefndum og verið að vinna að plani að ákveða ákveðnar helgar á hverju ári til að halda námskeiðin á og gefa það út tímanlega. Að sama skapi hefur verið ákveðið að falla frá kröfu um lágmarkspáttökufjölda. Búið er að klára að gera námsefni fyrir allar greinar á 1. – 2.stigs.

### Fjármál

Rekstur sambandsins hefur gengið vel að undanfögnu og ársreikningur 2020 sem liggur fyrir skíðþingið styður það. Afkoman er betri en áður og hafa tekjur aukist og eru komnar yfir 100 m.kr. Mest munar um hækkun á afrekssjóði sem fór í 32,6 m.kr. úr 19 m.kr. Ástæðan fyrir hækkuninni má rekja til að SKÍ komst uppí A flokk í skilgreiningu afrekssjóðs ÍSÍ í fyrsta sinn fyrir úthlutun ársins 2020. Á árinu 2021 hefur upphæðin úr afrekssjóðnum haldið áfram að hækka og var rúmlega 40 m.kr. Þetta hefur leitt til þess að stór skref hafa verið tekin í að lækka framlög afreksfólks eins og sjá má í ársreikningi 2020, en þar lækkar sú upphæð um ca. 9 m.kr. á milli árana 2019 til 2020.

Eins og á fyrra tímabili þá hefur mikil óvissa ríkt um allt starf og mótahald hjá SKÍ. Vonandi erum við að sigla inn í lygnara sjó hvað það varðar.

Stjórn SKÍ þakkar starfsmönnum, sjálfbóðaliðum, nefndarfólki og skíðahreyfingunni fyrir gott samstarf sl. ár.

F.h. stjórnar SKÍ,  
Bjarni Th. Bjarnason